

	kr.	a.	Kr.	A.
3. Eyjafjarðarsýsla:				126
a. Kostnaður sjóðsins . . . . .	631	60		
b. Eign til næsta árs . . . . .	51	67	683	27
4. Suðurlingeyjarsýsla:				
a. Kostnaður sjóðsins . . . . .	457	83		
b. Eign til næsta árs:				
Vanheimt gjald af brennisteinsnámum 20 kr. 96 a.				
Í sjóði . . . . .	282	16	303	12
			760	95
5. Norðurlingeyjarsýsla:				
a. Kostnaður sjóðsins . . . . .	180	17		
b. Eign til næsta árs . . . . .	105	61	285	78
6. Norðurmúlasýsla:				
a. Kostnaður sjóðsins . . . . .	623	50		
b. Eign til næsta árs . . . . .	138	53	762	3
7. Suðurmúlasýsla:				
a. Kostnaður sjóðsins . . . . .	234	5		
b. Eign til næsta árs . . . . .	292	27	526	23

Skrifstofu norður- og austuramtsins 26. sept. 1881.

J. Havsteen,  
settur.

## Landshagsskýrslur.

### Skýrslur um póstflutninga og póstrímerkjasölu á Íslandi.

Eftir Indriða Einarsson.

#### A. Skýrsla yfir póstsendingar á Íslandi 1876—79.

127

	Almenn brjef og „kross- bænd“.	Ábyrgð- arbrjef.	Peninga- og böggulsendingar.			Þyngd peninga- og bögg- ulsend- inga. pd.
			Peninga- send- ingar.	Böggul- send- ingar.	Verð peninga- og böggul- sendinga. kr. a.	
1876.						
Innanlands . . . . .	23870	182	263	2736	275745 70	6376
Ísland og útlönd . . . . .	9651	138	66	1946	616926 67	10451
alls 1876	33521	320	329	4682	892672 37	16827
1877.						
Innanlands . . . . .	30299	81	1299	3287	229878 93	5929
Ísland og útlönd . . . . .	12662	153	397	1136	170343 84	5579
alls 1877	42961	234	1696	4423	400222 77	11508
1878.						
Innanlands . . . . .	32524	221	373	4074	189161 04	8418
Ísland og útlönd . . . . .	12464	190	137	1181	113209 ”	3737
alls 1878	44988	411	510	5255	302370 04	12155
1879.						
Innanlands . . . . .	42837	89	2238	4145	313103 67	10698
Ísland og útlönd . . . . .	10698	141	115	956	78934 52	4442
alls 1879 <sup>1</sup>	53535	230	2353	5101	392038 19	15140

127

- 1) Þess skal getið hjer, að skýrslurnar árin 1876 og 1878 eru teknar eptir ársskýrslum póstmestarans, en 1877 og 1879 eru dregnar út úr póstsendingaskránum við póstreikninginn af þeim, sem hefir samið skýrslur þessar, Þegar tekinn er fyrsti dálkur skýrslunnar, kemur fram, að brjefaskriptir Íslendinga hafa aukizt þessi 4 ár um hjer um bil 60%, og að hver einstakur maður á Íslandi skrifaði að meðaltali 1879, þegar «krossbönd» eða blaðabögglar eru taldir með brjefum, eins og hjer er gjört að ofan, um  $\frac{7}{10}$  úr brjefi um árið. Að svo miklu leyti sem skýrslan snertir Ísland og útlönd er hún ekki nákvæm, nema hvað þau brjef, sem koma frá Kaupmannahöfn og Føreyjum, snertir. Brjefin frá Ameríku og Englandi til Íslands eru ekki talin í brjefaviðskiptum Íslands við útlönd, og þau af brjefum þessum, sem koma til Reykjavíkur eða á einhverja höfn og ekki fara lengra, eru alls ekki talin hjer, en þau, sem fara lengra, eru talin með innlendu brjefunum. Þetta kemur af því, að með póstbrjefum frá Bretlandi fylgja engar póstsendingaskrár. Hjer eru heldur ekki tekin þau brjef og sendingar, sem fara beinlínis frá Reykjavík eða einhverri höfn á Íslandi og til útlanda, en hafi þau verið send með pósti áður, eru þau talin innlend brjef. Við 5. dálk er athugandi, að þar eru ekki taldir þeir peningar, sem sendir hafa verið með póstávísunum milli Íslands og útlanda, en upphæð þeirra var :

Árið.	Frá Íslandi	Frá útlöndum
	til útlanda.	til Íslands.
	kr. a.	kr. a.
1875	253279 34	2492 18
1876	284072 57	5997 32
1877	196904 68	1562 05
1878	197482 24	3356 49
1879	219399 80	2110 65

Ísland, eða rjettara sagt, þegar talað er í þessu sambandi, Reykjavík, sendir árlega út með pósti hjer um bil 200000 kr. í peningum, eptir póstreikningnum að dæma, en fær aptur 2—6000 kr. árlega. Enginn má þó ímynda sjer, að mismunurinn á þeirri upphæð, sem fer frá Íslandi, og þeirri, sem kemur til Íslands í póstávísunum, sje sendur út árlega; hann er látinn ganga upp í aðrar skuldir, sem Íslendingar eiga hjá öðrum, svo langt sem hann hrekkur. Eins og sjá má af 5. dálki, er verð böggul- og peningasendinga milli Íslands og útlanda geipihátt 1876 og jafnvel 1877, en það kemur af því, að þessi ár var enn þá verið að senda til Kaupmannahafnar hina gömlu peninga, og krónupeningana aptur í staðinn til Íslands.

Á pósthúsunum á Íslandi hafa engin blöð verið pöntuð, nema Stjórnartíðindin.